

1 Efnahagsmál

2 Aukið viðskiptafrelsi, markviss efnahagsstjórn, einfaldara reglugerða- og skattaumhverfi, öflug
3 samkeppni, stöðugur gjaldmiðill og virk þátttaka í alþjóðlegu viðskiptalífi eru grunnforsendur
4 efnahagslegra framfara, aukinnar framleiðni og varanlegrar kaupmáttaraukningar.
5 Markaðslausnir verði nýttar þar sem þeim verður við komið.

- 6 • **Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, m.a. með uppbyggingu alþjóðlegra**
- 7 **atvinnugreina**
- 8 • **Full aðild að ESB og upptaka evru, eykur verðmætasköpun, kaupmátt og bætir**
- 9 **lífskjör**
- 10 • **Markaðslausnir sem treysta hagsmuni almennings**
- 11 • **Hagstjórn og fjármálastjórn sem treystir stöðugleika og kjör almennings**
- 12 • **Réttlát og hófleg skattlagning**
- 13 • **Ábyrg ríkisfjármál**
- 14 • **Hagvaxtar- og atvinnustefna sem eflir samkeppnishæfni atvinnulífs og lífskjara.**

15 *Landsþing 11. febrúar 2023*

16 **Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, m.a. með uppbyggingu**

17 **alþjóðlegra atvinnugreina**

18 Lykill að bættum lífskjörum á Íslandi er aukin alþjóðleg samvinna, aukið frelsi í viðskiptum og
19 stöðugt efnahagslíf. Framtíðarvöxtur atvinnulífs þarf að verða í vel launuðum alþjóðlegum
20 þekkingar- og tæknigreinum til að unnt sé að auka framleiðni, verðmætasköpun, kaupmátt og
21 bæta lífskjör.

22 Viðskipta- og atvinnufrelsi þarf að ríkja á öllum mörkuðum fyrir vöru og þjónustu. Búa þarf
23 atvinnurekstri stöðugt viðskiptaumhverfi, með stöðugan gjaldmiðil, til að tryggja
24 samkeppnishæfni, verðmætasköpun og hagvöxt. Með því móti eflist nýsköpun og þróttmikið
25 atvinnulíf sem skapar ný og fjölbreytt störf. Einhæfni í atvinnulífi skapar hættu á sveiflum og
26 gerir hagkerfið viðkvæmara fyrir áföllum. Margt konar tækifæri eru til nýsköpunar á Íslandi.
27 Stuðla þarf að því að þau verði gripin. Stöðugleiki skiptir þar mestu máli, en einnig stuðningur
28 við nýsköpun með styrkjum og hvötum til fjárfestinga í nýsköpun.

29 **Full aðild að ESB og upptaka evru, eykur verðmætasköpun,**
30 **kaupmátt og bætir lífskjör**

31 Mikill og fjölbreytilegur ávinningur er nú þegar af samstarfi okkar við aðrar Evrópuþjóðir með
32 samningnum um Evrópska Efnahagssvæðið. Stórauka mætti þann ábata með fullri aðild að
33 Evrópusambandinu. Það væri risaskref fyrir aukið sjálfstæði Íslands, þar sem við hefðum
34 tækifæri til að hafa áhrif á þá löggjöf sem landið tekur nú þegar upp sem samningsaðili að
35 Evrópska Efnahagssvæðinu.

36 Með fullri aðild og upptöku evru væri tryggður ytri stöðugleiki, bætt viðskiptakjör, lægri vextir,
37 bætt markaðsaðgengi og fjölbreyttari viðskiptatækifæri, aukin samkeppnishæfni atvinnulífs og
38 aukið frelsi í viðskiptum, þjóðinni allri til hagsbóta.

39 Full aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru skapar nýja möguleika í nýsköpun
40 atvinnulífsins og veitir aukið aðgengi að styrkjum úr byggða- og landbúnaðarsjóðum
41 Evrópusambandsins, sem efla myndu byggðir og landbúnað.

42 Full aðild myndi tryggja virka samkeppni á fjármála- og tryggingamarkaði og auka
43 samkeppnishæfni atvinnulífs, efla útflutning, hagvöxt og framleiðni, ásamt lægra vöruverði vegna
44 tollalækkana. Þannig myndu forsendur skapast fyrir stöðugleika, lægri vöxtum á
45 húsnæðislánum, auknum kaupmætti launafólks og bættum lífskjörum til lengri tíma. Þannig
46 myndu forsendur skapast fyrir auknum kaupmætti launafólks og bættum lífskjörum til lengri
47 tíma.

48 Full aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru er eitt stærsta og mikilvægasta verkefnið á
49 sviði efnahags-, sjálfstæðis- og stjórn mála hér á landi, enda myndi það efla sjálfstæði og
50 áhrifamátt landsins, ásamt því að bæta kaupmátt og lífskjör alls almennings. Þess vegna telur
51 Viðreisn brýnt að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið, að undangengnu samþykki
52 þjóðarinnar í atkvæðagreiðslu, fyrst um áframhald viðræðna og síðar um samninginn, þegar
53 hann liggur fyrir.

54 **Markaðslausnir sem treysta hagsmuni almennings**

55 Lög og reglur skulu stuðla að samkeppni, aukinni nýsköpun og öfluggu atvinnulífi. Hið opinbera
56 dragi sig út úr samkeppnisrekstri og gefi einkaaðilum kost á að starfa samhliða hinu opinbera, til

57 að ná fram hagræðingu og tryggja góða og aðgengilega þjónustu fyrir almenning með sem
58 lægstum tilkostnaði.

59

60 Markaðir tryggja hagkvæma framleiðslu og dreifingu stærsta hluta þess sem framleitt er í
61 samfélaginu, öllum til hagsbóta. Þung rök þurfa að vera til staðar ef víkja á frá þeirri meginreglu.
62 Viðreisn berst gegn kreddum og hagsmunagæslu sem vilja draga úr vægi markaðslausna.
63 Einfalda skal rekstrarumhverfi fyrirtækja og auka samkeppni og fjölbreytni eins og kostur er.
64 Miklu hagræði má ná í opinberri þjónustu með auknum útboðum verkefna, einkarekstri og
65 markaðslausnum, þó að opinberir aðilar greiði fyrir þjónustuna.

66 **Hagstjórn og fjármálastjórn sem treystir stöðugleika og kjör** 67 **almennings**

68 Efnahagslegur stöðugleiki er forgangsmál. Megináhersla þarf að vera á stöðug ytri skilyrði og
69 ábyrgan rekstur hins opinbera. Með stöðugleika skapast tækifæri fyrir langtíma uppbyggingar
70 hagsældar og fjölbreytts atvinnulífs sem býður sem flestum tækifæri þar sem hæfileikar þeirra
71 nýtast.

72 Traust hagstjórn, með öguðum ríkisfjármálum og bættum vinnubrögðum á vinnumarkaði, eru
73 forsenda stöðugleika og hagsældar. Viðreisn vill draga úr ríkisumsvifum, lækka skuldir hins
74 opinbera og einfalda stjórnsýslu.

75 **Ábyrg ríkisfjármál**

76 Viðreisn leggur áherslu á að ríkissjóður sé rekinn í jafnvægi og rekstur hans taki tillit til
77 aðstæðna í hagkerfinu. Velferðin verður ekki tekin að láni. Tryggja þarf fjármögnun allra útgjalda
78 til velferðarmála. Ríkið þarf að leggja mun ríkari áherslu á að styðja hagstjórnina þannig að
79 dregið sé úr þenslu í hagkerfinu með útgjaldalækkunum þegar þörf er á og stutt við hagkerfið
80 með aukinni fjárfestingu þegar slaki er.

81 Hið opinbera þarf að leggja aukna áherslu á hagræðingu og skilvirkni í rekstri. Auka þarf aðhald
82 með stofnunum ríkisins og leita leiða til að sameina stjórnsýslueiningar. Auka þarf aðhald með
83 stofnunum ríkisins, sameina þær og einfalda stjórnsýsluna.

84 **Réttlát og hófleg skattlagning**

85 Tekjuöflun ríkissjóðs á að byggja á réttlátri og hóflegri skattlagningu, þar sem allir bera réttlátar
86 byrðar. Viðreisn leggur áherslu á að við endurskoðun skattlagningar fjármagnstekna sé
87 mikilvægt að taka tillit til raunávöxtunar.

88 Viðreisn leggur áherslu á að auka vægi grænna gjalda og auðlindagjalda. Tekjur af þeirri
89 skattlagningu má nýta til að lækka aðra óhagkvæmari skatta.

90 Unnið skal markvisst gegn skattaundanskotum bæði innanlands, jafnt sem erlendis í formi
91 skattaskjóla. Efla þarf skattrannsóknir og styðja alþjóðlegt samstarf til að tryggja að einstaklingar
92 og fyrirtæki greiði sanngjarna skatta þar sem tekjur verða til.

93 **Hagvaxtar- og atvinnustefna sem eflir samkeppnishæfni** 94 **atvinnulífs og lífskjara**

95 Viðreisn vill að skapaður verði grundvöllur fyrir uppbyggingu samkeppnishæfs atvinnulífs, sem
96 skapar samfélaginu ábata til lengri tíma og býr til tækifæri fyrir fólk til að lifa og starfa við sem
97 best skilyrði í öllum landsbyggðum. Leggja skal áherslu á vöxt atvinnulífs og svæða, m.a. með
98 uppbyggingu klasa, aðstöðu fyrir nám á háskólastigi og rannsóknarstarf og samstarf við
99 atvinnulíf, þar sem lögð verði áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig.